
Myndir: Þórður Sig



Melrakkasetur Íslands

Skýrsla um starfsemina fyrir starfsárið 2012

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar.....	3
Stjórn og fundir	4
Stefnumál.....	4
Starfsmannamál	5
Hjálparliðar og bakland.....	5
Stuðningsaðilar.....	6
Samstarfsaðilar í ýmsum verkefnum:	6
Stofnfélagar og hlutafé	7
Fjármál	7
Wild North.....	8
Starfsemin 2012	8
Refaferðir	9
Rannsóknir	10
Nýtt ár og ný markmið	11

Frá formanni stjórnar

Þann 12. júní sl. eru liðin þrjú ár frá opnun sýningar um íslenska melrakkann í Eyrardalsbænum í Súðavík og þann 15. september nk. eru komin sex ár frá því að félagið Melrakkasetur Íslands ehf. var stofnað sem var formlegt upphaf reksturs sýningar, rannsóknna og Rebbakaffis í Eyrardalsbænum.

Það er sérstakt að hugsa til baka og upplifa þá stöðu sem Melrakkasetur Íslands hefur markað sér á þessum tíma, hvort sem það er í samfélaginu hér í Súðavík, gagnvart stjórnvöldum með þeim rannsóknum sem Melrakkasetrið hefur gert og átt þátt í að gera og fyrir þá miklu athygli sem setrið hefur náð að skapa sér innan sem utan landsteinanna.

Setrið hefur náð að skapa einstaka viðbót í afþreyingarmöguleika svæðisins fyrir ferðamenn og ekki síður fyrir okkur sjálf sem hér búum allt árið um kring, en starfsmenn setursins hafa verið iðnir við að búa til áhugaverða viðburði í setrinu, sem hafa verið vel sóttir og hefur styrkt þá staðreynd að Melrakkasetrið er sameign okkar allra.

Eyrardalsbærinn er einnig sýningargripur út af fyrir sig og er sameign okkar allra og sé staður sem hægt er að heimsækja hvenær sem er og eiga góðar stundir.

Rekstur félagsins er sem áður að stórum hluta fjármagnaður af styrkjum og framlögum frá stjórnvöldum og undirstofnunum stjórnvalda vegna rannsóknarverkefna sem setrið sinnir og hefur tekist að sinna þeim þætti vel og á stóran þátt í að auka enn frekar þekkingu okkar á íslenska refastofninum.

Rekstrarniðurstaða ársins 2012 var þannig að heildar rekstrartekjur sem skiptist í miðasölu inn á sýningu safnsins, minjagripasölu, leiðsögn á refaslóðir og styrki og framlög til setursins voru samtals 17.125 þús.kr. Heildarkostnaður vegna ársins 2012 var 16.875 þús.kr. og skilaði reksturinn því á árinu 2012 jákvæðri rekstrarniðurstöðu kr. 251 þús.kr.

Rekstrarforsendur fyrir árið 2013 líta vel út, stjórnvöld og undirstofnanir stjórnvalda hafa gert sér enn betur grein fyrir mikilvægi rannsókna á íslenska refastofninum og bera vilyrði fyrir fjárfrahlögum á árinu 2013 staðfestingu um það.

Þegar þörf hefur verið á að kaupa búnað, eins og stóla og borð fyrir veitingaaðstöðu setursins hefur verið leitað til velvildaraðila sem veitt hafa framlög til kaupanna og staðfestir það hug þeirra til starfsemi setursins og finnst mér rík ástæða til að þakka öllum þeim með djúpu þakklæti. Einnig þakka ég þeim sem hafa verið ötulir talsmenn setursins og breytt út boðskapinn með jákvæðum hætti, upplýsingar um þá starfsemi og þá afþreyingu sem Melrakkasetur Íslands býður upp á og stendur fyrir.

Mikilvægt er að skapa starfsstöð setursins sem besta umgjörð og starfsskilyrði og er því ánægjulegt að segja frá því að töluverðar framkvæmdir eru hafnar á lóðinni framan til við Eyrardalsbæinn og nær umhverfi Eyrardalsbæjarins og verða þær framkvæmdir fjármagnaðar af Súðavíkurbænum.

Þannig hefur aðstöðupallurinn sunnan til við húsið verður stækkaður, lagt verður á bílastæði framan til við húsið og gangstéttir og verða göngustígar hellulagðir.

Við Eyrardalsáanna, ofan til við húsið er falin perla, skjólsæl laut með fallegum gróðri sem gerð verður enn aðgengilegri með fallegri bogabréu yfir Eyrardalsá sem er hluti af göngustígaáætlun Súðavíkur.

Verið er að vinna að ofangreindum framkvæmdum og á þeim að verða lokið í ágúst nk.

Að lokum þá vil ég þakka stjórn og framkvæmdastjóra fyrir gott og ánægjulegt starf á árinu. Ómar Már Jónsson, formaður stjórnar.

Stjórn og fundir

Árið 2012 var stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf þannig skipuð (í stafrófsröð): Barði Ingibjartsson, Dagbjört Hjaltadóttir, Ester Rut Unnsteinsdóttir, Ómar Már Jónsson og Böðvar Þórisson. Til vara var Elías Oddsson. Stjórn skipti með sér verkum þannig: Ómar formaður stjórnar og Ester ritari, aðrir stjórnarmenn voru meðstjórnendur. Endurskoðandi er Guðmundur Kjartansson hjá Endurskoðun Vestfjarða ehf.

Stjórnarfundir voru haldnir að jafnaði á tveggja mánaða fresti á síðastliðnu ári. Stjórn, að hluta eða í heild, sat einnig ýmsa fundi með samstarfs og/eða opinberum aðilum.

Stefnumál

Eitt aðalmarkmið Melrakkasetursins er að gera tófuna að verðmætri auðlind í sjálfbærri ferðaþjónustu. Við viljum vekja athygli á tegundinni sem einkennisdýri Vestfjarða. Ennfremur stuðlar setrið að og tekur virkan þátt í þverfaglegum rannsóknum á tegundinni í samstarfi við innlendar og erlendar rannsóknarstofnanir.

Melrakkasetrið vinnur skv. sjálfbærri hugmyndafræði og leitast við að:

- vera til fyrirmyndar og veita fræðslu í umgengni við náttúruna.
- afla og miðla þekkingu um vistkerfi og samspil lífvera í umhverfinu.
- taka þátt í samstarfi og verndaráætlunum um viðkvæm náttúrusvæði.
- byggja upp á sjálfbæran hátt þá auðlind sem felst í náttúru og dýralífi svæðisins.
- velja vörur og þjónustu úr héraði, ef kostur er.
- skapa störf í heimabyggð.
- vera virk í samstarfi við vísindamenn og opinberar rannsóknastofnanir.
- taka virkan þátt í samfélaginu með því að veita nemendum og kennurum á grunnskóla- og framhaldsstigi fræðslu og tækifæri til frumkvöðla-vinnu og samstarfs.
- bjóða grunnskólabörnum og eldri borgurum í heimabyggð ókeypis aðgang að sýningu setursins.

Starfsmannamál

Ester Rut Unnsteinsdóttir sinnti starfi framkvæmdastjóra eins og áður, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi allt árið. Á hreppsskrifstofunni sat Unna (Jónína Hansdóttir) við að bókfæra kvittanir og fylgiskjöl. Skrifstofuhald og umsýsla, fyrir utan störf Jónínu, hefur farið fram í húsnæði Melrakkaseturs Íslands í Eyrardal. Með framlagi Vinnumálastofnunar, í gegnum verkefnið „Sumarstörf fyrir skólafólk“, voru ráðnir tveir sumarstarfsmenn: Aldís Ómarsdóttir og Sonja Lind Sveinbjörnsdóttir. Einnig störfuðu í setrinu þær Fanney Þórisdóttir og Ísabella Friðgeirsdóttir. Borgný Katrínardóttir var lausráðinn starfsmaður í tímabundnu verkefni haustið 2012.

Hjálparliðar og bakland

Auk þess sem stjórnarmenn tóku að sér ýmis verkefni hafa þau Rúna Esradóttir, Kjartan Geir Karlsson (báðir: eldri og yngri), Ragnhildur Björgvinsdóttir, Þórir Sigurhansson, Jón Ragnarsson, Salbjörg Þorkelsdóttir og Fjóla Þórisdóttir komið og hjálpað til við afgreiðslu og ýmis önnur störf fyrir setrið á árinu. Fleiri aðilar hafa tekið til hendinni og erum við mjög þakklát fyrir alla aðstoð sem okkur hefur boðist.

Sjálfbóðaliðar komu til að hjálpa til í setrinu og við rannsóknir á Hornströndum. Strax í byrjun júní kom Ahmir frá Ísrael, svo komu Peter og Felice frá Bretlandi, Ashley frá USA, þau tóku öll þátt í afmælishátíðinni okkar þann 10. júní og fóru í Hornvík með Ester ásamt Jérôme og Clémentine en þau eru franskir nemendur við Cébec háskóla í Kanada. Í Júlí kom bandarísk kennarafjölskylda, Bradley og Kimberly ásamt dóttur sinni Zada. Þau hafa sett heilmikið efni um dvöl sína á Youtube undir nafninu beartubalooza. Með þeim í Hornvík var Josh Chipman en hann dvaldi í setrinu fram á haust, hann setti myndband um ferðina sína á youtube, finnið Josh Chipman Iceland. Í ágúst komu Luca frá Ítalíu, einn frá Indlandi og einn frá Ísrael. Fleiri komu í setrið til að vinna, t.d. Susanne frá Frakklandi, Thomas frá Ástralíu, Philippe og Eric frá Belgíu. Svona hélt þetta áfram og var metfjöldi sjálfbóðaliða í setrinu sl. sumar og langt frameftir hausti. Mikið var skorið af rabbarbara og sultað í gríð og erg. Þegar bláberin komu voru þau jafnóðum sultuð og allt selt með vöfflum og hjónabandssælum sem runnu út eins og heitar lummur.

Dagbjört Hjaltadóttir og Rúna Esradóttir tóku á móti gestum í fjarveru forstöðumanns í vetur og útvegaði setrinu nýja vini frá ýmsum löndum. Þórður Sigurðsson tók fullt af flottum myndum við ýmis tilefni og gaf okkur. Maria Danium þvoði þvottinn í Sumarbyggðinni. Jón Ragnarsson og Kjartan Geir Karlsson sinntu rebbunum í fjarveru forstöðumanns og hjálpaði til við ýmislegt í setri ásamt því að Jón veitir forstöðu áhugahóps um bættu aðstöðu yrðlinga í Eyrardal. Philippe Beck, Thomas Turner og Eric Maes hjálpuðu Fanney við setrið í september og október meðan Ester var fyrir sunnan að kenna nemendum í námskeiðinu Vistfræði spendýra við Líf og Umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands ásamt nemendum í Ferðamálafræði við sama skóla.

Stuðningsaðilar

Vegna non-profit stefnu Melrakkasetursins eru hlutafélagar okkar mikilvægustu og sterkustu bakhjarlar. Forsætisráðuneytið, Umhverfissráðuneytið, Veiðikortasjóður, Menningarráð Vestfjarða, Vaxtarsamningur Vestfjarða og Borea Adventures (1% for the planet), veittu setrinu styrki til ýmissa verkefna árið 2012. Ástríður Pálsdóttir, ekkja Páls Hersteinssonar heitins, gaf upplag af bókum hans og forlata sjónvarp á sýninguna. Móðir Páls gaf myndarlega peningaupphæð í Pálsjóð. Vinir og samstarfsaðilar Páls í Noregi gáfu einnig fjármagn í minningu hans. Ættingjar Jönu Sam færðu setrinu einnig gjafir í minningu hennar. Margir sjálfboðaliðar hafa lagt hönd á plóginn í setrinu, bæði heimamenn og erlendir gestir. Nokkur fyrirtæki veittu góða fyrirgreiðslu, t.d. Ljósmyndavörur í Skipholti, Rúmfatalagerinn, Flytjandi og Penninn. Súðavíkurreppur og Iceland Sea Angling hafa reynst okkur góðir bakhjarlar, veitt ráðgjöf og ýmiskonar aðstoð. Gamla bakaríið á Ísafirði og Ölgerðin gáfu veitingar í afmælisveisluna okkar og studdu við Bláberjadaga.

Melrakkasetrið hlaut samþykki sem non-profit partner hjá 1% For The Planet og varð þar með, ásamt Borea Adventures, fyrsta íslenska fyrirtækið á lista samtakanna. Fyrirtæki og stofnanir sem eru, eins og Borea Adventures, meðlimir 1% For the planet, styrkja einhvern af non-profit listanum 1% af ársveltu sinni. Við getum alltaf átt von á því að hver sem er geti ánað okkur 1% af veltu sinni eins og Borea gerði á síðasta ári. Við gerum okkar besta við að standa undir væntingum þeirra sem hafa rétt okkur hjálparhönd og styðja starfsemina.

Melrakkasetrið á marga fleiri vini og við viljum koma á framfæri kærum þökkum til allra sem hafa lagt setrinu lið á einn eða annan hátt. Gestir setursins hafa einnig gefið fjármagn í sjóðinn okkar og sumir hafa keypt sér hlutafé þrátt fyrir að ágóði af kaupunum verði eingöngu ánægjan af að hafa stutt við bakið á okkur. Við höfum alltaf verið svo lánsöm að eiga gott samstarf við íbúa bæjarins sem eru jú allir hlutafélagar, ýmist beint eða í gegnum eignarhluta Súðavíkurrepps. Hluthafar eru orðnir 65 talsins en hluti þeirra eru erlendir aðilar sem ekki hafa fullan styrk sem hluthafar en vilja styðja við og taka þátt í frekari uppbyggingu Melrakkasetursins.

Samstarfsaðilar í ýmsum verkefnum:

Náttúrustofa Vestfjarða (Þorleifur Eiríksson), Háskóli Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Hornstrandastofa (Jón Björnsson), Hið Villta Norður - The Wild North, Vesturferðir, Borea Adventures, Heydalur, Súðavíkurreppur, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Háskólasetur Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, Refaveiðimenn, sveitafélög á Vestfjörðum, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Kómedíuleikhúsið, Félag Vestfirskra listamanna, Byggðasafn Vestfjarða, Herráðið, Ferðapjónustan í Heydal, Raggagarður, Bláberjasamlagið, Haukur Sig, Menningarráð Vestfjarða, Markaðsstofa Vestfjarða, Þórður Sigurðsson, Afkomendur Guðmundar Einarssonar, Guðmundar Guðmundssonar og Þorláks Guðmundssonar (Hrefnu Láka) og miklu fleiri.

Stofnfélagar og hlutafé

Stofnendur samkvæmt stofnfundi félagsins þann 15. september 2007 eru 43 talsins og skrifuðu sig fyrir samtals kr. 2.110.000,- í hlutafé. Hlutafé skiptist í jafna hluti og er hver hlutur að fjárhæð tíuþúsund krónur að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Stærsti hluthafinn er Súðavíkurhreppur með 1.100.000,- í stofnfé. Á aðalfundi félagsins í maí 2010 var ákveðið að hækka hlutafé félagsins upp í 5 milljónir. Hlutafé var boðið til sölu í desember 2010 eftir að stofnfélagar höfðu haft tækifæri til að nýta sér forkaupsrétt sinn. Alls seldist nýtt hlutafé fyrir 1.165.501,- kr. sem greitt hafði verið fyrir áramót 2011-12. Síðan þá hefur bæst við greitt hlutafé og er það nú komið í 3.610.501,- kr.

Enn eru nýjir hluthafar að bætast í hópinn og enn eru til hlutabréf til sölu. Gaman er að segja frá því að hlutabréf í Melrakkasetri hafa verið notuð til gjafa, bæði til yngra og eldra fólks og þykir okkur sérstaklega vænt um að fá þannig fyrirspurnir. Kaup á hlutafé er í raun stuðningsyfirlýsing og eru hluthafarnir okkar nú orðnir 65 talsins. Þeir eru mikilvægur bakhjarl og hvatning til að vanda til verka og halda áfram að byggja upp fyrirtækið samkvæmt þeirri stefnu sem lagt var upp með í upphafi haustið 2007.

Fjármál

Í ársreikningum 2012 kemur fram að velta Melrakkasetursins hefur vaxið frá því að vera rúmar 13 milljónir árið 2011 í að vera um 17 milljónir árið 2012. hagnaður ársins 2012 var um 250 þúsund og verður fluttur til ársins 2013.

Sótt var um fjármagn til margvíslegra sjóða vegna starfsemi Melrakkaseturs Íslands og fengust eftirfarandi styrkir árið 2012:

Styrkveitandi	Verkefni	Upphæð
Forsætisráðuneyti	Styrkur 2/2	3.500.000
Umhverfisráðuneyti	Hornstrandarannsókn	1.500.000
Veiðikortasjóður	Vöktun refastofnsins	4.700.000
Menningarráð Vestfjarða	Mikki og melrakkarnir	250.000
Vaxtarsamningur Vestfjarða	Villt dýr að féþúfu 3/3	500.000
Borea Adventures	Styrkur 1%	250.000
Frjáls framlög	Keyptir stólar	600.000
		11.300.000

Enn er eftir að innheimta nokkuð af þessari fjárhæð enda styrkirnir bundnir við verkefni sem enn eru í vinnslu.

Tekjur Melrakkasetursins í Eyrardal voru rúmar 5,2 milljónir króna, í formi vörusölu og sölu aðgangseyris en það er rúm milljón króna aukning frá árinu áður. Markmið okkar er að starfsemin í Eyrardal verði sjálfbær og var gert ráð fyrir að það tæki 7-10 ár. Nú er ljóst að

ferlið verður hraðar og bindum við miklar vonir við auknar gestakomur enda setrið komið á kortið og hefur staðist væntingar eftir því sem við best vitum.

Farið var í skemmtilega fjáröflun til að geta keypt stóla á loftið. Boðið var upp á stól "til sölu" sem merktur yrði kaupandanum. Penninn studdi við kaupin með því að veita 30% afslátt af hverjum keyptum stól. Allir stólarnir 40 seldust og voru keyptir 5 til viðbótar og allir voru þeir merktir með ásaumuðu nafni. Salbjörg Þorkelsdóttir saumaði nöfnin og ýmsir tóku til hendinni við að merkja stólana, t.d. Dagbjört Hjaltadóttir, Genka Yordanova, Herdís Samúelsdóttir, Anna Elísa Karlsdóttir, Ragnhildur Björgvinsdóttir, Mekkín Silfá Karlsdóttir og fleiri. Nú eru komnir nýjir stólar í Rebbakaffi og leikurinn heldur áfra, fáum okkur sæti!

Fyrir rúmum tveimur árum var hafist handa við að koma Melrakkasetrinu inn í sölukerfi til skemmtiferðaskipa, þetta hefur tekið tímann sinn og verið nokkuð hark. Nú er loksins verið að selja ferðir til Súðavíkur með gesti af skemmtiferðaskipum og hefur um 6-700 manns þegar komið í vor. Þrátt fyrir að hægt gangi að koma fólki frá Ísafirði hingað suðureftir er mikill áfangasigur að komast á lista yfir það sem er í boði til gesta skemmtiferðaskipanna. Eins og áður eru líka talsvert margir gestir að koma á eigin vegum og Íslendingar eru duglegir að kíkja við. Gestir sumarbyggðar og nágrennabyggðarlaga ásamt heimamönnum eru okkar tryggustu viðskiptavinir.

Wild North

Í lok apríl 2012 var farið á fund Wild North í Inverness í Skotlandi og tók Ester þátt ásamt öðrum klasastjórum. Markmið ferðarinnar var að endurvekja Wild North og taka afstöðu um framtíð þess, fjármögnun og helstu verkefni. Niðurstaðan var sú að umsjón yrði aftur í höndum Selaseturs Íslands og að farið verði í að gefa út og vinna gæðavottun sem notuð yrði á vettvangi árið 2013.

Starfsemin 2012

Þar sem að húsið hafði að mestu verið óklárað þegar við opnuðum sumarið 2010, var farið í framkvæmdir og fínþússun á setrinu frá desember 2011 og að páskahelginni 2012. Opnað var aftur um páskana með leikjum og skemmtilegheitum sem ætlað var fjölskyldufólki sérstaklega. Í mars árið 2011 komu til okkar færir ljósmyndarar frá Noregi þau Orsolya og Erlend Haarberg, þau voru að safna myndum í ljósmyndabók um náttúru Íslands. Myndir þeirra af Melrakkanum á Hornströndum prýddu svo síður BBC tímaritsins discover wildlife í janúar 2012. Jafnframt hlutu þau fjölda verðlauna fyrir myndir sínar af Íslenskum refum.

Sumarið fór hægt af stað í Melrakkasetrinu og fyrstu starfsmenn sumarsins, þær Sonja Lind og Aldís Ósk hófust handa við undirbúning með því að hringja í allar upplýsingamiðstöðvar á

landinu, kynna setrið og senda bæklinga. Svo bættust þær Ísabella Friðgeirsdóttir og Fanney Þórisdóttir í hópinn þegar leið á júnímánuð. Afmælisveislan okkar var góð byrjun og mættu um 300 manns í blíðskaparveðri og skemmtu sér alveg ágætlega. Allir voru málaðir eins og rebbar og skoraðist enginn undan. Við fengum lánaða ísvél og Kjörís gaf okkur ís, Ölgerðin gosdrykki og Gamla bakaríið tertu.

Samið var við Kómedíuleikhúsið til að setja á svið brúðuleikritið Mikka og melrakkana en Menningarráð Vestfjarða veitti styrk til sýningarinnar. Sviðsmynd og brúður eru eftir Lilju og Ástu, leikbrúðusmiða á Drangnesi en handrit er unnið af Ástu, Ester og Elfari Loga. Leikarar voru þær Alda Marín, Fanney og Mekkín Silfá en leikstjórn var í höndum Elfars Loga. Brúðuleikritið var sýnt á laugardagseftirmiðdögum allt sumarið og komu fjölmargir gestir á sýninguna.

Á sunnudögum, miðvikudögum og við ýmis tækifæri fylltist loftið af listamönnum og handverksfólki sem sýndi og seldi verk sín. María og Sveinbjörn hjá Art Vest voru lengst af og fengu aðra til lið við sig líka. Á föstudagskvöldum var boðið upp á fyrir lifandi tónlist og notalegheit eins og hægt var og voru tónlistarmenn alveg til í að koma og prófa að spila á þessu dásamlega lofti. Á slíkum kvöldum er opið lengur því stemningin er góð. Móri og Mjallhvít voru litlu yrðlingarnir sem við fengum frá Gumma Valda, refaskyttu. Þau voru agnarsmá í byrjun en stækkuðu hratt eftir að þau fóru að fá Murr kattamatinn góða. Eins og nöfnin gefa til kynna voru þau af sitthvoru litarafbrigðinu og vöktu mikla athygli og kátínu gesta.

Gestafjöldi sumarsins fór yfir 6000 árið 2012 og var mest um að vera í júlí og ágúst þó enn væri talsvert af fólki á ferðinni fram eftir hausti. Jóladagskráin okkar hefur sett sinn svip á aðventuna og vonandi tekst okkur að gera heimsókn í Melrakkasetrið að ómissandi þætti í jólaundirbúninginum.

Refaferðir

Aldrei hefur verið eins mikil eftirspurn og þátttaka í refaskoðunarferðum eins og árið 2012. Hvort sem farið var með leiðsögn á okkar vegum eða eftir leiðbeiningum okkar, ferðir á Hornstrandir voru oftast en ekki miðaðar út frá því að hægt væri að sjá og taka mynd af ref í villtu umhverfi. Jafnframt eru refir nú farnir að prýða flest kynningarefni sem gefið er út um Vestfirði og víðar um land. Tímabært er orðið að þjálfra fleiri leiðsögumenn og upplýsa ferðamenn til að þeir séu betur undir þessa nýju eftirspurn búnir. Best er náttúrulega að koma í Melrakkasetrið og fræðast um rebba áður en haldið er til Hornstranda til að sjá þá með eigin augum. Heimildamyndirnar okkar og upplýsingarnar hafa, að sögn, gefið góða raun til undirbúnings fyrir slíkar ferðir. Vottunarkerfi og leiðbeinandi viðmiðunar-reglur sem við erum að vinna með The Wild North ættu að komast í notkun hjá Vesturferðum og Borea árið 2013.

Rannsóknir

Rannsóknir á Hornströndum fóru fram með hefðbundnum hætti með viku vöktun á tveimur grenjum í Hornvík í hverjum mánuði sumars. Dvalið var við hvort greni í 12 tíma á dag í 5 daga í senn og skráðir viðburðir svo sem fjöldi, tímasetningar og atferli dýra og manna sem gengu hjá. Einnig var farið á öll þekkt greni í Hornvík og Hlöðuvík og athugað með ábúð og fjölda dýra (fullorðin og yrðlinga). Fugladagbók var haldin eins og áður og allt markvert skráð. Eitt refahræ fannst við greni í Hornvík og var það tekið til frekari skoðunar. Kom í ljós að dýrið hafði verið 8 ára þegar það drapst en jafnframt fundust haglaskot í því en meðferð skotvopna er bönnuð á svæðinu auk þess sem refir þar eru friðaðir eins og önnur villt dýr. Annars voru bæði fuglar og refir í ágætis ásigkomulagi, talsvert rotinn hvalur rekinn í fjörunni og nóg æti í sjónum miðað við allan þann fjölda sjófugla sem var þar og í bjarginu.

Mat á íslenska refastofninum hefur staðið yfir frá árinu 1979 þegar Páll Hersteinsson, þá í doktorsnámi, skrifaði refaskyttum bréf og bað þá um samstarf með því að senda sér kjálka úr felldum dýrum til aldursgreiningar. Árið 1985 hóf hann síðan að kryfja refi til frekari mælinga. Stofnmatið hefur staðið sleitulaust undanfarin 32 ár og frá upphafi verið í höndum Páls heitins, sem lést þann 13. október síðastliðinn. Melrakkasetrið hefur haldið áfram rannsóknum Páls, í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands, Háskóla Íslands og Náttúrustofu Vestfjarða. Sótt var um til Veiðikortasjóðs vegna fjármögnunar á verkefninu sem veitti fé til verksins. Ester hefur nú krufið um fjögur hundruð refi af ýmsum landsvæðum og sent helminginn til aldursgreiningar. Nokkrir hnökrar voru á upplýsingum um hvert ætti að senda tennur og hvernig hægt væri að komast í samband við veiðimenn. Þetta hefur þó gengið þokkalega og eru veiðimenn víða um land farnir að senda hræ aftur eftir nokkurt hik vegna óvissu um framtíð verkefnisins. Mikilvægt er að fá gott þversnið af stofninum og því er óskað eftir að fá send hræ af öllum svæðum og árstímum til krufninga. Upplýsingar um hvert má senda hræ er að finna á heimasíðunni www.melrakki.is.

Náttúrustofa Vestfjarða á heiður skilinn fyrir að hafa tekið við og geymt hræ frá skyttum úr nágrannasveitafélögum fyrir okkur í frystigeymslu. Þeir Guðmundur og Ragnar Jakobssynir veittu óvæntan en mikilvægan stuðning með því að útvega aðstöðu til krufninga. Ljóst er að þeir aðilar sem standa að baki refaveiðum, sem eru opinberir aðilar og sveitafélög mættu koma betur til móts við þá veiðimenn sem sinna starfi sínu vel og skila hræjum til rannsókna. Án þeirra gagna sem fást með tölfraðilegri úrvinnslu á veiddum og krufðum dýrum væri engin vitneskja til um íslenska refastofninn sem er sá alstærsti og mikilvægasti á norðurlöndunum. Við gerum okkar besta hér í Melrakkasetrinu en þetta verkefni er of stórt og viðamikil til að það sé unnið með sjálfsaflafé. Við þurfum fasta samninga til að halda þessu verkefni og leitað hefur verið leiða til að koma þannig samningum á. Vöktun refastofnsins verður haldið áfram og sú aðferð sem hingað til hefur verið beitt, að fá hræ frá veiðimönnum, er sú allra hagkvæmasta sem völ er á.

Haust og vetrarverkefnið fólust í að ljúka við krufningu refahræja sem send voru til rannsókna á árinu. Hausar voru soðnir og kjálkar mældir en tennur dregnar úr til aldursgreiningar. Borgný Katrínardóttir líffræðingur var ráðin til að aðstoða Ester og fékkst aðstoða á Náttúrufræðistofnun Íslands að Urriðaholti til að kryfja, sjóða og mæla. Tennurnar voru sendar til Bandaríkjana og komu niðurstöður í lok apríl 2013. Frumskýrsla með niðurstöðum krufninganna var send Veiðikortasjóði í desember. Skýrsluna er einnig að finna á heimasíðunni okkar. Auk þessa var sett saman áfangaskýrsla um rannsóknir á Hornströndum sl. sumar.

Nýtt ár og ný markmið

Nú er ljóst að starfsemi Melrakkasetursins er orðin miklu viðameiri en lagt var af stað með í upphafi. Komið er að því að skipta þarf starfseminni upp í rekstur seturs og rannsóknir en veturinn fór í að leita fjármagns til að hægt væri að ráða í aðra heila stöðu starfsmanns. Næg eru verkefni, tækifærin við áframhaldandi uppbyggingu Eyrardals sem viðburðahúss og gestastofu eru fjölmörg. Húsið er glæsilegt og umgjörðin verður það líka þegar lokið verður við framkvæmdir utanhúss. Við erum afar heppin að fá að byggja þetta verkefni upp hér á þessum frábæra stað. Okkur hefur tekist ansi margt á skömmum tíma því melrakkinn er svo sannarlega orðin auðlind í ferðaþjónustu og hvort sem mönnum líkar það betur eða verr: Einkennisdýr Vestfjarða. Við höfum farið langt framúr björtustu vonum að mörgu leyti en betur má ef duga skal. Nú stöndum við frammi fyrir því að setrið er að stækka og vonandi verða vaxtaverkirnir ekki til þess að halda aftur af okkur.

Melrakkasetrið í Súðavík er svo sannarlega orðið að stórvirki og við getum verið stolt af vel unnu verki, öll sem höfum staðið að baki uppbyggingu þess, saman.

Ársskýrsla þessi er lögð fram á aðalfundi þann 26. júní 2012

Stjórn Melrakkaseturs Íslands ehf.

Barði Ingibjartsson

Böðvar Þórisson

Dagbjört Hjaltadóttir

Elías Oddsson

Ester Rut Unnsteinsdóttir

Ómar Már Jónsson